

173

28. nóv.

3. gr.

Framkvæmdanefndin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Ber nefndinni að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem til heimilishjálparinnar eru ráðnar á vegum hreppsins, séu hæfar til starfsins, og ekki haldnar neinum næmum sjúkdómi.

4. gr.

Framkvæmdanefnd getur leitað samninga um launakjör og hlunnindi starfsstúlkna þeirra, er að heimilishjálp vinna, en fullt gildi hafa þeir samningar þá fyrst, er hreppsnefndin hefur samþykkt þá.

5. gr.

Fyrir heimilishjálp ber þeim, sem hennar nýtur, að leggja fram kr. 60.00 fyrir hvern starfsdag. Heimilt er hreppsnefnd að veita eftirgjöf á greiðslu þessari að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, en ekki má sú eftirgjöf leiða til skerðingar á launakjörum viðkomandi starfsstólku, ef svo er tiltekið í samningum að kaupgreiðsla þessi sé hluti af launum hennar, enda standi þá hreppsnefndin í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu til hennar á þeim kaupgjaldshluta.

6. gr.

Hreppsnefndin annast allar fjárreiður heimilishjálparinnar og skal reikningur hennar endurskoðaður með sama hætti og reikningar sveitarsjóðsins.

7. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{2}{3}$ hlutum úr sveitarsjóði Skútustaða- hrepps, og að $\frac{1}{3}$ hluta úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

174

4. des.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

- Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:
1. Einstefnuakstur um Aðalstræti, milli Austurstrætis og Hafnarstrætis, frá suðri til norðurs.
 2. Bann við bifreiðastöðum á Grundarstíg, norðan megin götunnar, og á Kirkju- torgi norðan verðu, meðfram Dómkirkjunni.
 3. Bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur kl. 9—19 virka daga á umferðar- eyju milli akbrauta Snorrabrautur frá Laugvegi að Grettisgötu.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 4. desember 1958.

Sigurjón Sigurðsson.